



Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar

[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Reykjavík, 20. maí 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, mál nr. 711.**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (samtökin) lýsa yfir stuðningi við frumvarpið. Markmið lagasetningarinnar er að efla vöxt og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að stuðla að virku fjármögnunarumhverfi fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Það er jákvætt og mun efla nýsköpunarumhverfið hér á landi með því að stuðla að því að til verði fleiri sérhæfðir fjárfestingasjóðir. Í fyrri umsögn samtakanna í samráðsferlinu var mikilvægi þess að framlag ríkisins til Kríu yrði ekki til þess að draga úr fjármagni sem rennur til Tækniþróunarsjóðs áréttað og því lýsa samtökin yfir ánægju með að í greinargerð frumvarpsins eru tekin af öll tvímæli um að slíkt standi ekki til.

Samtökin bentu jafnframt á það í fyrri umsögn að krafa um aðkomu erlendra aðila gæti reynst íþyngjandi. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að aðkoma þeirra geti verið mismunandi og verði hún nánar útfærð í reglugerð. Samtökin munu taka fyrirhugaða reglugerð til umsagnar þegar hún lítur dagsins ljós.

Samtökin vilja koma með athugasemd við það að í 3.gr. frumvarpsins sé sérstaklega tekið fram að stjórn skuli að jafnaði taka ákvarðanir um fjárfestingu í sérhæfðum sjóðum einu sinni á ári. Samtökin telja þetta of takmarkandi og að ekki sé skynsamlegt að setja slíkt ákvæði í löginn sjálf. Mikilvægt er að svigrúm sé til staðar til þess að stjórn Kríu geti tekið ákvarðanir oftár en einu sinni á ári, ef aðstæður kalla á það.

Samtökin styðja frumvarpið og telja framfaraskref að ríkissjóður hvetji til stofnunar sjóða sem fjárfesta í íslenskum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum án þess að ríkið sé sjálft leiðandi eða beinn fjárfestir í atvinnulífinu. Þarna er um að ræða viðbót sem fyllir í ákveðið rof í keðju sem leiðir frá rannsóknnum, tækniþróun og að því að fyrirtæki þurfa að leita sér fjármögnunar í formi eiginfjár til að styðja við frekari nýsköpun og ekki síður að koma hugviti, þjónustu og vörum á markað – sem oft reynist þrautin þyngri. Markmiðið með Kríu á að mati samtakanna að vera að stuðla að þroskuðu fjárfestingarumhverfi nýsköpunar- og sprotafyrirtækja sem styður við vöxt á alþjóðamörkuðum og frumvarpið er í samræmi við þessar áherslur.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Halldór Benjamín Þorbergsson,  
framkvæmdastjóri

f.h. Samtaka iðnaðarins

Sigurður Hannesson,  
framkvæmdastjóri.